



Til: bgr@os.is  
Afrit: "Skúli Thoroddsen" <Skuli.Thoroddsen@os.is>  
Efni: Umsókn Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til töku á allt að 520.000 rúmmetrum af efni  
Upplýsingar: Sent: 29.01.2019 12:17:37 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019010039, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2019010039

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Hafnarsjóðs Fjarðarbyggðar um leyfi til töku á allt að 520 þúsund rúmmetrum af mól og sandi af hafsbotni út af Eyri í Reyðarfirði.

Eins og kemur fram í bréfi Orkustofnunar liggur fyrir matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar frá 21. desember 2018 um mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar. Einnig liggur fyrir áætlun um tilhögun efnistöku og eftirlit og samantekt Fjarðarbyggðar um helstu niðurstöður úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi til framangreindrar efnistöku verði veitt enda verði tekið mið af álit Skipulagsstofnunar við leyfisveitinguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

